

TILLAGA

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum
um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011.
(Lagt fyrir 53. kirkjuþing 2016).

Flutt af löggjafarnefnd.
Frsm. Steindór R. Haraldsson.

1. gr.

1. málsli. 1. mgr. 2. gr. orðist svo:

Kosningarrétt við biskupskjör eiga vígðir þjónar og leikmenn í báðum kjördeildum sbr. 4. gr. sem hér segir:

2. gr.

d og e liðir 1. mgr 2. gr. orðist svo:

d. kjörmenn allra prestakalla sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr 144/2016,

e. leikmenn í kirkjuráði og á kirkjuþingi.

3. gr.

1. málsli. 1. mgr. 3. gr. orðist svo:

4. gr. Kosningarrétt við vígslubiskupskjör eiga vígðir þjónar og leikmenn í báðum kjördeildum sbr. 3. gr. sem hér segir:

4. gr.

d og e liðir 1. mgr 3. gr. orðist svo:

d. kjörmenn prestakalla sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016 í því umdæmi vígslubiskups sem kosið er í,

e. leikmenn í kirkjuráði og á kirkjuþingi.

5. gr.

Ný 4. gr. bætist við og orðast svo:

Kjördeildir

Kjördeildir eru tvær, kjördeild vígðra og kjördeild leikmanna. Vægi kjördeilda er jafnt.

Í kjördeild vígðra eru vígðir þjónar þjóðkirkjunnar sbr. a, b, og c lið 1. mgr. 4. gr.

Í kjördeild leikra eru:

1. kjörmenn allra prestakalla sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016,
2. leikmenn í kirkjuráði og á kirkjuþingi.

6. gr.

Ný 5. gr. bætist við og orðast svo:

Kosning

Í fyrri umferð kosningar skal kosið í báðum kjördeildum um þá sex kandidata sem hljóta flestar tilnefningar sbr. 10. gr. Ef enginn kandiðat fær helming atkvæða skal kosið aftur í báðum kjördeildum milli þeirra tveggja sem fá flest atkvæði.

7. gr.

8. gr. fellur brott en í stað þessur kemur ný grein sem verður 10 gr. og orðast svo: Þeir sem eru kjörgengir til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa sbr. 1. gr. hafa rétt til að tilnefna til kjörs þrjá úr sínum hópi. Tilnefningar eru leynilegar. Kjörstjórn hefur yfirumsjón með tilnefningum.

Kjörstjórn ákveður hvenær tilnefningar hefjast. Að svo búnu sendir kjörstjórn þeim hafa kjörgengi til biskups- og vígslubiskupskjörs sbr. 1. gr. nauðsynleg gögn til tilnefningar:

- a. auðan seðil til að rita þrjú nöfn á,
- b. óáritað umslag,
- c. eyðublað fyrir yfirlýsingu þess semk tilnefnir um að hann hafi tilnefnt,
- d. umslag með utanáskrift kjörstjórnar,
- e. leiðbeiningar um það hvernig tilnefning fer fram.

Greina skal glögglega fyrir hvaða tíma tilnefningar skuli sannanlega póstagðar. Ákveður kjörstjórn þann tíma. Að jafnaði skal miða við að tilnefningu sé lokið innan viku frá útsendingu gagna.

Tilnefning skal vera skrifleg og leynileg. Sá sem tilnefnir ritar þrjú nöfn þeirra, sem hann vill tilnefna, á tilnefningarseðil. Eigi skal hann undirrita seðilinn eða auðkenna hann með öðrum hætti. Hann setur seðilinn síðan í óáritaða umslagið og lokar því, fyllir út eyðublaðið og undirritar, lætur gögnin í áritaða umslagið og afhendir það á biskupsstofu gegn móttökukvittun eða leggur það í póst.

Þegar tilnefningar hafa borist kjörstjórn tilkynnir hún öllum hlutaðeigandi um tilnefningarnar. Ef einhver af þeim sem tilnefndur hefur verið gefur ekki kost á sér til kjörs skal sá sem næstur honum kemur að tilnefningu taka sæti hans.

Ef tveir eða fleiri fá sama fjölda tilnefninga skal aukafjöldi kandidata sem því nemur.

Kjörstjórn telur tilnefningar eigi síðar en að viku liðinni frá þeim skilafresti á pósthús sem hún hefur sett og úrskurðar þær.

8. gr.

9. gr. fellur brott en í stað þessur kemur ný grein sem verður 11 gr. og orðast svo: Kjörstjórn fer yfir tilnefningar og úrskurðar um kjörgengi sbr. 1. gr. þeirra sem tilnefndir eru. Telji kjörstjórn að hafna beri tilnefningu skal hún birta þeim tilnefndi þá niðurstöðu án tafar. Kæra má niðurstöðu kjörstjórnar til yfirkjörstjórnar innan viku frá því að hún var kunngerð. Kæra skal hafa borist kjörstjórn eða yfirkjörstjórn með sannanlegum hætti fyrir kl. 16.00 á síðasta degi kærufrests, eða hafa verið póstlögð í síðasta lagi þann dag. Kæruheimild er bundin við þá sem eru á endanlegri kjörskrá. Yfirkjörstjórn úrskurðar innan viku um kæruna.

9. gr.

B liður 9. gr. sem verður 12. gr. orðist svo

- b. kjörseðil með nöfnum þeirra sex eða fleiri kandidata sem hlotið hafa tilnefningar sbr. 10. gr.,

10. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi 1. janúar 2017.

Athugasemdir við tillögu þessa.

Á kirkjuþingi 2012 var kjörin nefnd til að endurskoða starfsreglur um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa. Í nefndina voru kjörin sr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir, og kirkjuþingsmennirnir Margrét Björnsdóttir, Pétur Björgvin

Þorsteinsson og Steindór R. Haraldsson. Pétur Björgvin lét af störfum og flutti utan á tímabilinu, í hans stað var kjörinn Birgir Rafn Styrmisson kirkjuþingsmaður. Margrét Björnsdóttir sagði sig úr nefndinni í októbermánuði 2013 og voru ekki tók á að kjósa annan fulltrúa í hennar stað. Umrædd nefnd skilaði af sér tveim tillögum til kirkjuþings 2014 og einn nefndarmaður þeirri þriðju sem gekk mun lengra en hinar tvær í lýðræðisátt. Kirkjuþing 2014 samþykkti að vísa málinu til löggjafarnefndar til vinnslu og skila niðurstöðum sínum fyrir kirkjuþing 2015. Á kirkjuþingi 2015 lagði löggjafarnefnd fram tillögu um að nefndin ynni áfram að málinu og skilaði í niðurstöðum sínum fyrir kirkjuþing 2016. Í greinargerð löggjafarnefndar með tillögunni segir m.a. að nefndin telji málið enn vanreifað og að nefndin þurfi lengri tíma til að vinna nýjar tillögur að starfsreglum. Kirkjuþing samþykkti tillögu löggjafarnefndar. Nú leggur löggjafarnefnd hér fram tillögu að breytinga á starfsreglum um kosningu biskups Íslands og vígslubiskupa nr. 1108/2011.

Helstu nýmæli í tillögunni eru eftirfarandi:

1. Að kjörmenn allra prestakalla sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembættis nr. 144/2016, kjósi biskup og vígslubiskupa í stað þess að formenn sóknarnefnda og varaformenn í Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmum eystra og vestra kjósi.
2. Að landinu sé skipt í tvær kjördeildir, kjördeild vígðra og kjördeild leikmanna. Vægi kjördeilda sé jafnt.
3. Að þeir sem kjörgengir eru til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa hafi rétt til að tilnefna til kjörs þrjá úr sínum hópi og hafi kjörstjórn hefur yfirumsjón með tilnefningum.
4. Að í fyrri umferð kosningar skuli kosið í báðum kjördeildum um þá sex kandidata sem hljóta flestar tilnefningar. Ef enginn kandídat fær helming atkvæða skal kosið aftur í báðum kjördeildum milli þeirra tveggja sem fá flest atkvæði.

Nefndin leggur til að skipta landinu í tvær kjördeildir, annars vegar kjördeild vígðra og hins vegar kjördeild leikmanna og vægið milli kjördeildanna verði jafnt. Það þýðir að vígðir þjónar fá aukið vægi gagnvart leikmönnum. Heyrst hefur gagnrýni frá vígðum þjónum kirkjunnar hvað varðar aukinn hlut leikmanna í biskupskjöri og hafa rökin þau að biskup sé fyrst og fremst hirðir þeirra og að þeir hafi faglega þekkingu á því hver henti í embættið. Benda má á að á undanförunum áratugum hefur verið lögð áhersla á að auka áhrif leikmanna í kirkjunni en nú sitja á kirkjuþingi fleiri leikmenn en vígðir. Því þykir löggjafarnefnd rétt að leggja til að í stað sóknarnefndarformanna og varamanna þeirra í stærstu prófastsdæmunum séu það kjörmenn prestakalla sem njóti kosningarréttar í biskupskosningum. Kjörmenn prestakalla eru samkvæmt starfsreglum um val og veitingu prestakalla aldrei færri en 11 í hverju prestakalli og er tryggt í starfsreglunum um val og veitingu prestakalla að hver sókn eigi a.m.k. einn kjörmann í kjörnefndi. Í stórum prestaköllum geta kjörmenn orðið allt að 30 þannig að ljóst er ef þessi tillaga verður samþykkt muni fjöldi kosningabærra leikmanna aukast til muna. Í lögum um biskupskosningar nr. 96/1980 sem giltu til ársins 1998, eða þar til starfreglur um biskups- og vígslubiskupskosningar voru settar haustið 1998 voru leikmenn í miklum minnihluta kjósenda. Þá höfðu kosningarrétt kjörnir leikmenn á kirkjuþingi og í kirkjuráði svo og einn leikmaður fyrir hvert prófastsdæmi, þó tveir frá Reykjavíkurprófastsdæmi. Ljóst er kosningarréttur leikmanna hefur verið aukinn til muna.

Athugasemdir við einstaka greinar tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

Hér er lagt til að kjörmenn prestakalla sbr. 7. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr 144/2016, njóti kosningarréttar í stað formanna sóknarnefnda sem og varaformenn sóknarnefnda í Kjalarnessprófastsdæmi og Reykjavíkurprófastsdæmum eystra og vestra. Lagt er til að brott falli úr núgildandi reglum að kennarar í föstu starfi við guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands njóti kosningarréttar.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Vísað er til skýringa með 2. gr.

Um 5. gr.

Greinin er nýmæli. Lagt er til að landinu verði skipt í tvær kjördeildir, vígðra og leikmanna og að vægi kjördeilda verði jafnt. Þetta þýðir að vægi atkvæða vígðra í kosningum verður mun mun meira en vægi atkvæða leikmanna þar sem leikmenn munu verða í miklum meirihluta kosningabærra manna á kjörskrá.

Um 6. gr.

Hér er lagt til að kosið skuli um þá sex kandidata sem hljóta flestar tilnefningar og að umferðir kosningar geti orðið tvær. Ef enginn kandídat fái helming atkvæða, þá skuli kosið aftur í báðum kjördeildum milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hafi fengið.

Um 7. gr.

Í starfsreglum kirkjuþings nr. 818/2000 sem voru í gildi þar til núgildandi starfsreglur tóku gildi 1. janúar 2001 var kveðið á um að þeir sem kjörgengir væru til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa hefðu rétt til að tilnefna til kjörs einn mann en eigi að síður voru allir kjörgengir menn í kjöri. Nú er lagt til að tilnefningar verði teknar aftur upp en í nokkuð breyttri mynd. Þeir sem eru kjörgengir til embættis biskups Íslands og vígslubiskupa hafi rétt til að tilnefna til kjörs þrjá úr sínum hópi og eru þá þeir einir í kjöri sem tilnefndir hafa verið. Lagt er til að kjörstjórn hafi yfirumsjón með tilnefningum og ákveði hvenær tilnefningar hefjist.

Um 8. gr.

Lagt er til að kjörstjórn meti gildi tilnefninga og að hægt að sé að kæra höfnun tilnefningar til yfirkjörstjórnar. Kæruheimild er bundin við þá sem eru á endanlegri kjörskrá. Kjörstjórn fer yfir tilnefningar og úrskurðar um kjörgengi þeirra sem tilnefndir eru. Telji kjörstjórn að hafna beri tilnefningu skal hún birta þeim tilnefndna þá niðurstöðu án tafar

Um 9. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.

Um 10. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringar.